

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skóga í Fnjóskadal.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 30. nóvember 2022 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skóga í Fnjóskadal.

Breytingin felur í sér að skilgreiningu frístundabyggðar vestan Illugastaðavegar er breytt í íbúðarbyggð í samræmi við breytingu sem gerð var á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010–2022.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.*

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti 18. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

Breytingin felur í sér uppfærslu á lóðamörkum í samræmi við skráningu í fasteignaskrá, úr 3.192 fm í 3.300 fm. Einnig er sett inn heimild um nýbyggingar og viðhald eldri bygginga. Heimilt byggingarmagn fer úr 980 fm í 1.500 fm.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

*Reykjahlið, 20. janúar 2023.*

F.h. Þingeyjarsveitar,

**Atli Steinn Sveinbjörnsson** skipulagsfulltrúi.